



## Efni: Tinnuskarð 24, samantekt athugasemda. Umsögn.

Skipulagsfulltrúi samþykkti á fundi sínum þann 30.9. sl. að grenndarkynna breytingartillögur á deiliskipulagi Skarðshlíðar 2. áfanga, er ná til lóðarinnar við Tinnuskarð 24 í samræmi við 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga 123/2010. Erindið var grenndarkynnt frá 8.9-10.11.2020. Athugasemdir bárust. Skipulagsfulltrúi vísar erindinu til skipulags- og byggingarráð á fundi sínum þann 11.11. sl.

Í þeirri breytingu sem grenndarkynnt var felst að: heimilt verði að koma fyrir 6 íbúðum í stað 4. Bílastæði verða leyst innan lóðarinnar og með bílskýli undir aðalhæð hússins. Byggingareitur fyrstu hæðar er stækkaður sem nemur 2,5m til austurs en minnkar á mótí til vesturs. Gólfkóti húss er hækkaður sem hefur áhrif á heildarhæð húss m.v. gildandi skilmála deiliskipulagsins. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins fyrir Skarðshlíð 2. áfanga.

Athugasemdir frá íbúum bárust frá íbúum við Tinnuskarð 14 og 16.

Gerðar eru athugasemdir við þá hækkun húsa sem fram kemur í tillögunni og einnig að íbúðum sé fjölgað úr fjórum í sex. Hafa íbúar áhyggjur af því að slíkar breytingar muni auka á bílafjölda og samhliða verði aukin umferð í götunni. Gert er ráð fyrir einum bíl á íbúð í fyrirhuguðu húsnæði sem talið er að sé óraunhæft.

Jafnramt að tillaga að stækkun hússins sé langt frá gildandi deiliskipulagi og að heimildir til slíkrar aukningar muni setja fordæmi fyrir önnur hús í götunni.

Val íbúa á lóð við Tinnuskarð var í og með vegna þess að þar eru ekki fjölbýli umfram 4 íbúðir. Að þeirra mati eru fjölbýli að þeirri stærð sem nú er skv. gildandi deiliskipulagi fjölskylduvænni en margar litlar íbúðir. Stærri fjölbýli eigi betur heima annarstaðar innan hverfisins. Í ljósi þessara atriða fallast íbúar ekki á þær tillögur að breytingum sem voru kynntar.

Skipulagsfulltrúi getur ekki mælt með breytingartillögunum eins og þær voru grenndarkynntar í ljósi þeirra athugasemda sem bárust.

Gunnþóra Guðmundsdóttir  
Verkefnastjóri, skipulagssvið.